



## Dósasöfnun

Á föstudaginn næsta, 18. október, ætlum við að leita til ykkar sveitunga með að safna dósum vegna fyrirhugaðs skólaferðalags okkar í vor. Við verðum á ferðinni um kl. 18 og tökum einnig við pöntunum á klósettpappír og eldhúspappír fyrir þá sem það vilja. Í pakkningu af klósettpappír eru 48 rúllur og kostar pakkningin 6500 krónur, eldhúspappírpakkning er með 15 rúllum og kostar 3500. Ef einhverjir verða ekki heima en vilja losna við dósir er hægt að skilja poka eftir fram við dyr og við grípum hann með okkur.

Bestu kveðjur, 8.-10. bekkur Valsárskóla

## Kirkjugarður

Sóknarnefnd auglýsir eftir aðila til að sjá um grafartöku og skráningu leiða fyrir Svalbarðssókn. Sóknarnefndarformaður Guðrún Guðmundsdóttir gefur frekari upplýsingar í s. 899-4912.

## Næstu rusladagar:

- 17. október - Almennt sorp
- 31. október - Almennt sorp
- 7. nóvember - Endurvinnsla
- 14. nóvember - Almennt sorp

## Æskan

Ungmennafélagið Æskan er með happdrættismiða í Haushappdrætti FRÍ til sölu. Hægt er að panta miða með að senda skeyti á félagið, aeskan@umse.is en einnig verða stjórnarmenn með miða til sölu. Miðinn kostar 1500 krónur og eru glæsilegir vinningar í boði, m.a. bifreið af gerðinni Chevrolet spark í fyrsta vinning en alls eru 182 vinningar í boði. Allir sem kaupa happdrættismiða fá einnig afhentan svokallaða kaupaukamiða sem veita rausnarlegan afslátt hjá Sambíóunum, Subway, Intersport og Svefni og heilsu. Þeir sem nýta sér kaupaukamiðana munu því geta sparað sér mun hærri fjárhæð en sem nemur verði happdrættismiðans sem kostar 1500 kr.

## Valsárskóli



Í september stóðu Valsárskóli, leikskólinn Álfaborg og Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar fyrir viðburði sem fékk nafnið samvera á sal. Ákveðið var að á hverju skólaári væru sex samverustundir þar sem lögð er áhersla á að nemendur allra skólanna æfi sig í að koma fram á sviði, þjálfist í að hlusta hvort á annað og bera virðingu fyrir framlagi annarra.

Annað markmið samverunnar er að þetta skólasamfélagið á Svalbarðsströnd og bjóða foreldra barna á skólastigunum velkomna til að njóta með okkur þess sem boðið er upp á hverju sinni.

Í september sá 1. - 4. bekkur Valsárskóla um söng og dans, nemendur Álfaborgar sungu haustlag, nemendur tónlistarskólans fluttu nokkur lög og að síðustu var samsöngur á sal. Að lokinni skemmtuninni var foreldrum nemenda og öðrum velunnurum boðið upp á hafragraut, grænmeti og ávexti í mótuneyti skólans.

Föstudaginn 18. október verður næsta samveran í Valsárskóla. Þar sjá nemendur í 5. -7. bekk um leik, söng og töfrabrögð, nemendur Álfaborgar syngja „Við förum bara fetið“. Nemendur í Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar þau Ragnar Þór Eiríksson og Embla Björk Jónsdóttir spila á píanó og Alída Milla Möller Gautadóttir syngur. Að lokum syngja allir viðstaddir saman “Ég á líf”.

Kór Valsárskóla hóf vetrarstarfið síðastliðinn föstudag og því má vænta þess að nemendur taki vel undir sönginn. Einnig er það von stjórnenda skólanna þriggja að sem flestir íbúar sveitarfélagsins láti sjá sig og efli þannig samfélagið í kringum skólann.

Samveran hefst föstudaginn 18. október klukkan 9:20 og eftir stundina er gestum boðið að borða með nemendum.

Stöndum saman og byggjum öll upp skólann okkar.  
Inga Sigrún Atladóttir, Skólastjóri Valsárskóla

---

## Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Fyrsti tónfundur skólaársins 2013-2014 verður miðvikudaginn 16. október kl 18:00 í Tónlistarskólanum. Nemendur munu leika fjölbreytta tónlist, bæði byrjendur og lengra komnir.



Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

---

## Álfaborg



Við í Álfaborg erum að vinna að nýrri skólanámskrá eins og flest allir skólar í landinu þar sem ný aðalnámskrá tók gildi 2011. Við erum að skoða hvort við vinnum eftir henni með því að endurmeta hópastarfsverkefni. Við ákváðum að vinna okkar námskrá út frá einkunnarorðum Álfaborgar og Grænánaverkefninu. Við skrifum niður inn á hvaða grunnþætti menntunar við förum í verkefnum hópastarfsins. Flest verkefni fara inn á alla grunnþættina eins og t.d. þegar við förum að tína rifsber upp í reit þá er læsi að þekkja rifsberjarunna frá tré og rifsber frá reyniberjum. Heilbrigði og velferð er að hreyfa sig og vera úti. Við tándum bara þau ber sem við ætluðum að nota en það er sjálfbærni eins og það að við skemmdum ekki rifsberjarunnann. Jafnréttið er að allir fengu tækifæri til að taka þátt. Unnið er með lýðræði og mannréttindi þegar allir koma sér saman um hve lengi eigi að tína ber og hvenær eigi að leika sér. Svo endum við á því að búa til sultu eða eitthvað annað úr berjunum og þá komum við inn á sköpun sem er sjötti og síðasti grunnþáttur menntunar. Það getur verið snúið að sjá inn á hvaða þætti við höfum farið svo það er mjög gott að velta þessu fyrir sér og skrá niður. Þessir grunnþættir eiga að vera gegnumgangandi í öllu starfi leikskólans en við ákváðum að byrja á að rýna í hópastarfið á meðan við erum að tileinka okkur þessi hugtök.

---

## Styrktartónleikar-Línuhraðall

Þjóðkirkjan stendur fyrir landssöfnun á nýjum línuhraðli handa Landsspítalanum. Þar er verið að styðja við krabbameinssjúka. Styrktartónleikar verða haldnir í Svalbarðskirkju sunnudagskvöldið 10. nóvember kl. 20.00. Aðgangseyrir 2000 kr. rennur óskiptur í söfnunina. Það eru hjónin Hjalti og Lára, sem leika tónlist af nýútkomnum geisladiski sínum og verður hann jafnframt til sölu í anddyri kirkjunnar. Þá er einnig hægt að leggja söfnuninni lið með framlagi inn á söfnunnarr. 0301-26-050082 kt. 460169-6909 eða hringja í síma: 904-1000 - 1000 kr. 904-3000 - 3000 kr. 904-5000 - 5000 kr.

---

## Sunnudagaskóli

Sunnudagaskóli verður í Svalbarðskirkju 20. október kl. 11.00. Heimir Bjarni Ingimarsson mætir með gítarinn. Biblíusaga, mynd í fjársjóðskistu, Tófa o.fl.

---


## Landsmót

Landsmót æskulýðsfélaga verður haldið í Reykjanesbæ helgina 25.-27. október. Ungmenni úr Laufásprestakalli verða meðal þátttakenda.

---

## Litið um öxl

Auglýsing frá júlí 1979.





# Nýtt útibú á Svalbarðseyri

Samvinnubankinn hefur yfirtekið starfssemi Sparisjóðs Svalbarðsstrandar og Innlánsdeildar Kaupfélags Svalbarðseyrar og opnað nýtt útibú á Svalbarðseyri.

Útibúið mun annast öll almenn bankaviðskipti og tryggingaþjónustu fyrir Samvinnutryggingar og Líftryggingarfélagið Andvöku.

Afgreiðslutími:  
Mánud. – föstud. kl. 9.15 – 12.00  
og 13.00 – 16.00.

 **Samvinnubankinn**

 **Samvinnubankinn**  
útibú Svalbarðseyri, sími 96-21338.

Vísir, 151. tbl. Helgarblað (07.07.1979), bls 15  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=3404513](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3404513)

---

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 19. nóvember.